



ÁRSSKÝRSLA 2019



ÍSLENSK
ÆTTLEIÐING

Samkvæmt samþykktum félagsins eru tilgangur þess:

Að vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrúmi í anda Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamningsins um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

Að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna.

Að aðstoða fólk sem vill ættleiða börn erlendis frá.

Að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra.

Að vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna

Að auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu.

Að stuðla að velferð barna í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.





EFNISYFIRLIT

FRÁ STJÓRNARFORMANNI	4
STARF FÉLAGSINS.....	5
ÁRSREIKNINGUR.....	10
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA.....	11
REKSTARREIKNINGUR.....	12
EFNAHAGSREIKNINGUR.....	12
SJÓÐSSTREYMI.....	13
SKÝRINGAR.....	14
ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA...	16
REGNHLÍFASAMTÖK.....	17
SAMSTARFSLÖND.....	18
EITT OG ANNAÐ.....	19
STJÓRN OG STARFSFÓLK.....	22
SAMÞYKKTIR ÍSLENSKRAR ÆTTLEIÐINGAR.....	23



Í upphafi ársins 2019 lagði ég ásamt fjölskyldu minni í mikið ferðalag til Tékklands, þetta var ekki venjulegt ferðalag heldur ævintýraferð að hitta nýjasta meðlim fjölskyldunnar, dóttur okkar hana Anetu. Það má því segja að Íslensk ættleiðing hafi haft mikil áhrif á mig og mína nánustu í gegnum árin, en með hjálp félagsins okkar fengum við hjónin möguleikan á því að verða foreldrar.

Ég hef verið formaður Íslenskrar ættleiðingar síðan haustið 2016 og hefur þetta verið mjög áhugavert starf og miklar breytingar hafa orðið á starfi félagsins á þessum tíma. Á síðustu árum hefur áhersla færst mun meira frá því að sjá um milligöngu um ættleiðingu yfir í meiri kröfur um fræðslu og stuðning til bæði væntanlegra foreldra á meðan biðin er, þegar heim er komið og einnig eftir því sem árin líða frá ættleiðingunni.

Við sem störfum fyrir félagið sjáum mikinn hag í því að viðhalda og styrkja samband við okkar samstarfslönd og einnig við kollega okkar í málaflokknum. Það hefur verið og er mjög mikilvægt fyrir lítið félag eins og okkar að komast í samstarf við önnur félög til að efla allt starf.

Hið Íslenska ættleiðingarmódel eins og það er kallað er orðið vel þekkt, þjónustusamningurinn við dómsmálaráðuneytið og sú þjónusta/fræðsla sem félagið veitir. Á fundum og ráðstefnum erlendis erum við ítrekað spurð um þetta módel. Með þjónustusamningi félagsins við dómsmálaráðuneytið höfum við bætt fjárhagslegan stöðugleika félagsins en í þessu breytta umhverfi þarf að gera betur. Síðustu ár

höfum við gert kostnaðargreiningar á þeirri þjónustu og fræðslu sem við í stjórn og starfsmenn félagsins teljum að félagið ætti að veita samkvæmt þeim lögum og sáttmálum sem við vinnum eftir. Þrátt fyrir fjárframlög frá ríkinu til félagsins, nægir það ekki að sinna öllum lögboðnum verkefnum. Í lok ársins 2019 var komið að endurnýjun þjónustusamnings og lauk árinu án þess að búið væri að skrifa undir nýjan samning.

Eftir samtal við dómsmálaráðuneytið í desember kom það í ljós að breyta þurfti þjónustugjöldum um síðastliðin áramót. Ástæður á bakvið þessar breytingar eru breyttar aðstæður í ættleiðingarmálaflokknum eins og áður hefur komið fram, með samdrætti í alþjóðlegum ættleiðingum síðastliðin ár og fækkun umsókna um forsamþykki auk lengri afgreiðslutíma umsókna um forsamþykki hefur þrengt verulega að fjárhag félagsins og hefur ráðuneytið þrýst á félagið að breyta gjaldskrá þess. Með þessum breytingum hækkuðu öll gjöld og einnig voru sett gjöld á þjónustu sem áður var veitt án endurgjalds.

En félagið er ekkert án félagsmanna sinna og hefur síðustu ár dregið úr þátttöku þeirra í starfi félagsins, en ég vona að félagsmenn fari að nýta sér alla þá fræðslu sem þeim stendur til boða og aðstoð þess góða starfsfólks sem við höfum aðgang að þrátt fyrir að einhverjar breytingar hafi orðið á gjaldskrá.

Ég vil fyrir hönd stjórnar og félagsins þakka öllum þeim sem hafa komið að þeirri þróun sem átt hefur sér stað frá því að félagið var stofnað fyrir rúmum 40 árum síðan, vegna þeirra er fjölskyldan mín fullkomnuð og fyrir það verð ég ævinlega þakklát.

Elisabet H. Salvarod.

Stjórnarformaður Íslenskrar ættleiðingar

STARF FÉLAGSINS

Verkefni félagsins voru margvísleg á árinu, allt frá þjónustu við þá sem eru í ættleiðingahugleiðingum og eru að taka sín fyrstu skref, yfir í stuðning við uppkomna ættleidda sem eru komnir á fullorðinsár.

Þjónustan er því umfangsmikil og spannar allt æviskeið einstaklingsins.

Félagið fylgir umsækjendum frá því að þeir byrja að velta fyrir sér möguleikanum á því að stofna til fjölskyldu með ættleiðingu, þá tekur við umsóknarferli, þar sem félagið leggur mikið upp úr því að fræða og styðja við umsækjendur í því tímafreka og krefjandi ferli sem leggur grunninn að umsókn til upprunalands. Þegar umsókn hefur verið samþykkt í upprunaríki barns heldur félagið áfram að leggja sig fram við að styðja við umsækjendur og hvetja þá til að halda áfram að fræðast sem mest, áður en að kemur að stóru stundinni. Eftir þörun heldur fræðsla og stuðningur áfram, en nú er fræðslunni beint að ákveðnu barni

og aðstæðum þess og ferlinu sem tekur við eftir að fjölskyldan sameinast. Starfsfólk félagsins er svo ávallt til staðar á meðan á dvöl fjölskyldunnar varir í upprunaríkinu og eru oft heilmikil samskipti á milli fjölskyldunnar, félagsins og ættleiðingaryfirvalda á þeim tíma.

Eftir að fjölskyldan kemur heim til Íslands hefst eftirfylgd með fjölskyldunni að kröfu upprunaríkis barnsins og er það mislangt eftir upprunaríkjunum, frá tveimur árum að 18 ára aldri.

Félagið hefur af litlum mætti reynt að aðstoða við uppkomna ættleidda með margvíslegum hætti. Sumir leita eftir stuðningi vegna áskoranna sem tengjast ættleiðingunni sjálfri, sumir eru að velta fyrir sér heimsókn til upprunalands og aðrir í upprunaleit.

Starf félagsins er sem fyrr segir viðamikið og snertir aldurs skeið fjölskyldunnar eftir þörfum hvers og eins.

...til að barn nái fullum þroska sem heilsteypt persóna er æskilegast að það vaxi úr grasi innan fjölskyldu og við hamingju, ástúð og skilning

Fyrstu viðtöl


Flestir sem nýta sér þjónustu félagsins hefja ferðalagið í svonefndu fyrsta viðtali. Hvert viðtal tekur um 90 mínútur þar sem farið er yfir það helsta sem tengist málaflöknum.



Á þessu ári voru 32 fyrstu viðtöl bókuð hjá félaginu, sem er samdráttur frá því árið áður, en þá voru þau 39.

Af þeim sem sóttu fyrstu viðtöl voru 25 hjón og 7 einstaklingar.

Flestir voru á aldrinum 31-40 ára, en þeir voru 36. 11 voru á aldrinum 26-30 ára og 11 voru 41-45 ára. Þá var einn á aldrinum 46-50 ára.



Forsamþykki

Íslensk ættleiðing hefur milligöngu um að senda umsóknir um forsamþykki til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, en embættið er ábyrgt fyrir að kanna aðstæður umsækjenda og veita eða synja um forsamþykki.

Sýslumannsembættið óskar eftir liðsinni barnaverndarnefnda við könnun á högum umsækjenda.

Sýslumannsembættið getur einnig leitað til Ættleiðingarnefndar til að fá umsögn ef þurfa þykir.

Ættleiðingarnefnd er skipuð af dómsmálaráðherra.

Þjónusta Íslenskrar ættleiðingar samkvæmt fræðsluáætlun hefst þegar umsækjendur skila inn umsókn um forsamþykki til félagsins og skrifa undir samning um þjónustuna. Mikill samdráttur var í umsóknum um



forsamþykki á árinu, en aðeins 5 umsóknir bárust. Árið 2018 sóttu 16 fjölskyldur um forsamþykki og 2017 voru þær 15.

Sýslumannsembættið gaf út 5 forsamþykki á árinu miðað við 7 árið á undan. Þá voru gefin út tvö ný forsamþykki, þ.e. endurnýjuð forsamþykki til þeirra sem eiga umsókn í upprunalandi.

... að tryggja að ættleiðing milli landa fari fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og þannig að grundvallarréttindi þess séu virt, og að komið sé í veg fyrir brotnám barna, sölu þeirra og verslun með þau

Ættleiðingarnefnd

Sýslumannsembættið vísaði 5 umsóknum til Ættleiðingarnefndar og er það fækkun um eina frá fyrra ári.

Ættleiðingarnefnd veitti 3 sinnum umsögn sem er einnig einum færri en árið á undan.

Vinnslutími Ættleiðingarnefndar var að jafnaði rúmlega 4 mánuðir árið 2019, en árið á undan voru þeir frá 2,5 mánuðum uppí rúma 6 mánuði.


Eftir umsögn Ættleiðingarnefndar úrskurðar sýslumaður og var tveimur umsóknum synjað með úrskurði.

Kærur

Báðir umsækjendur kærðu úrskurð sýslumannsins til dómsmálaráðuneytisins en ekki er von á niðurstöðu vegna kæranna á næstunni.

Einn úrskurður sýslumannsembættisins frá 2018 var kærður til dómsmálaráðuneytisins í byrjun árs.

Dómsmálaráðuneytið var ekki búið að úrskurða í máli umsækjandans á árinu og er ljóst að vinnsluhraðinn þar er óhóflega langur.





Umsóknir í upprunalandi

Íslensk ættleiðing hafði milligöngu um að senda 4 umsóknir til upprunalands á árinu, 1 til Kólumbíu og 3 til Tékklands. Allt voru þetta umsóknir hjóna og á meðal þeirra var ein samkynja hjón, en það er fyrsta umsókn samkynja hjóna sem fer til upprunaríkis með milligöngu félagsins.

Þetta er einni færri umsókn en árið á undan. Þá voru 4 umsóknir hjóna og 1 umsókn einhleyprar konu. Ein af þessum fjölskyldum ættleiddi barn árið 2019.

Tvær umsóknir voru samþykktar á biðlista í upprunalandi, báðar í Tékklandi.

Í árslok voru 13 samþykktar umsóknir hjá samstarfsríkjum félagsins. 2 í Kína, 10 í Tékklandi og 1 í Tógó.

Af þessum umsóknum eru 3 á bið vegna aðstæðna fjölskyldnanna og því aðeins 10 virkar umsóknir á biðlista samstarfsríkjanna.

Það er þremur umsóknum færri en í lok ársins 2018, en þá voru 4 umsóknir í Kína, 10 í Tékklandi og tvær í Tógó.



Ef miðstjórnvald móttökuríkisins telur ekki vafa leika á um að umsækjendur séu hæfir og fallnir til þess að ættleiða skal það taka saman greinargerð þar sem fram skulu koma upplýsingar um hverjir þeir eru, um hæfni þeirra og hæfi til ættleiðingar, um uppruna og æviferil, fjölskyldu, heilsufarssögu, félagslegar aðstæður, ástæður fyrir ættleiðingu, möguleikum til að ættleiða milli landa og einkenni þeirra barna sem þeir myndu teljast hæfir til að annast.






Börn

Upplýsingar um 7 börn voru skoðaðar af sérfræðingum félagsins á árinu, sem er talsvert minna en árið á undan, en þá voru skoðaðar upplýsingar um 11 börn. Af þessum börnum urðu 2 þeirra ættleidd á árinu, 3 parnir voru dregnar til baka af yfirvöldum í upprunaríkjunum og 2 fengu synjun frá lækni félagsins. Alls voru 5 börn ættleidd með milligöngu félagsins á árinu, 4 frá Tékklandi og 1 frá Tógó.

Þetta er sambærilegt við ættleiðingar síðustu 4 ára, en mikill samdráttur frá árinu 2015 en þá voru ættleidd 20 börn. Þjónusta við fjölskyldur á meðan þær eru í aðlögunarferli í upprunaríki barnsins hefur þróast mikið á síðastliðnum




misserum.

Síðastliðið ár var félagsráðgjafi félagsins í miklum samskiptum við fjölskyldur og fagfólk í upprunarlöndunum á meðan á dvöl þeirra stóð. Þessi þjónusta hefur reynst mjög vel og oft skipt sköpum í tengslamyndun barnsins og foreldranna.

Í upprunaríkinu má aðeins taka ákvörðun um að barn skuli sett í umsjá væntanlegra kjörforeldra ef:

...miðstjórnvöld beggja ríkja hafa samþykkt að ættleiðingin megi fara fram



...hafa gengið úr skugga um að væntanlegir kjörforeldrar hafi fengið alla nauðsynlega ráðgjöf;
...stuðla að þróun ráðgjafarþjónustu um ættleiðingar og því að veitt sé þjónusta að aflokinni ættleiðingu í ríkjum þeirra;

Fræðsla

Íslensk ættleiðing breytti fræðsluáætlun félagsins og fá allir umsækjendur nú viðamikla fræðslu sem hefst þegar umsækjendur skila inn umsókn um forsamþykki. Fræðslan ætti í raun að hefjast enn fyrr, en ennþá hafa umsækjendur möguleika á að sleppa fyrsta hluta námskeiðsins vegna tilmæla í reglugerð.

Fyrsti hluti fræðslunnar er námskeiðið **Er ættleiðing fyrir mig?** sem er hannað af danska miðstjórnvaldinu til að aðstoða umsækjendur til að taka ákvörðun um hvort ættleiðing sé kostur sem umsækjendur ættu að skoða frekar. Nokkurt brottfall er af þessum námskeiðum

Tvö undirbúningsnámskeið voru haldin á árinu, það fyrra í febrúar og hið seinna í september. Að þessu sinni sóttu 22 einstaklingar námskeiðið, sem er talsvert færri en árið á undan en þá sóttu það 40 manns. Námskeiðið var haldið í Kríunesi og var hvort námskeið þrír dagar og eru leiðbeinendurnir tveir, þær Rut Sigurðardóttir, starfsmaður ÍÆ og Þórgunnur Vigfúsdóttir, skólastjóri.

Árið 2019 voru 59 fræðsluviðtöl til umsækjenda í forsamþykkisferli og fjögur viðtöl við starfsmenn barnaverndar.

Félagið veitir ráðgjöf og stuðning á biðtímanum og leggur áherslu á að umsækjendur séu virkir í biðinni, með því að afla sér þekkingar á málefnum ættleiddra barna. Á síðasta ári voru 5 viðtöl við umsækjendur sem eiga umsókn í upprunalandi og voru að uppfæra upplýsingar í umsókn.

Samkvæmt fræðslu- og stuðningsáætlun hefur félagið frumkvæði að eftirfylgd eftir að fjölskyldur koma til Íslands eftir dvöl í upprunalandi

barnsins. Árið 2019 voru 13 viðtöl til fjölskyldna sem voru komnar heim til Íslands. Þessi þjónusta er í viðbót við gerð eftirfylgdarskýrsla sem eru gerðar að kröfu upprunaríkja barnanna. Óháðir félagsráðgjafar heimsækja fjölskyldurnar í samræmi við reglur upprunaríkjanna og safna upplýsingum og gefa álit á hvernig framvinda fjölskyldunnar hefur verið frá sameiningu. Þessar skýrslur eru þýddar og sendar til miðstjórnvalds upprunaríkisins.

Þjónusta við börn sem eru að hefja skólagöngu hefur aukist mikið, enda ekki vanþörf á. Á síðastliðnu ári heimsótti félagsráðgjafi félagsins leikskóla 2 sinnum og grunnskóla 7 sinnum.

Heimsóknir í skóla eru margvíslegar, stundum er fundað með öllum starfsmönnum skólans, stundum bara með kennurum barnsins og stundum stuðningur inn á teymisfundi.

Þá hafa þrjár fjölskyldur leitað eftir frekari þjónustu, eftir að þjónustuáætlun félagsins sleppir.

Félagið bíður einnig uppá fjölbreytta fræðslu sem er opin félagsmönnum og almenningi. Fyrsti fyrirlesari ársins var Björn Hjálmarsson, geðlæknir á BUGL, en hann fjallaði um tengslamyndunar- og einhverfurófin, hvernig greinum við á milli?

Anna Sigríður Jökulsdóttir sálfræðingur fræddi félagsmenn um hvernig megi styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barna og unglinga.

Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir sérkennari sagði frá skólaaðlögun ættleiddra barna og sérstöðu þeirra á fyrstu árum skólagöngunnar.

Þóra Sigfríður Einarsdóttir sérfræðingur í klínískri barnasálfræði með áfalla-sálfræði sem undirgrein sagði frá áhrifum áfalla á börn.

Ársreikningur

Árið 2019 voru félagsmenn ÍÆ 389.

Til að sinna hlutverki sínu sem sett er fram í lögum og reglugerðum hefur félagið gert þjónustusamning við dómsmálaráðuneytið um skilgreinda þjónustu til að tryggja að veita umsækjendum liðsinni sem nauðsynlegt er til að af lögmætri ættleiðingu geti orðið.

Rekstrarlegar grunnforsendur félagsins eru tryggðar með framlagi ríkisins í þjónustusamningnum og er rekstrargrundvöllur félagsins ekki háður fjölda umsækjenda eða fjölda ættleiðinga. Þetta fyrirkomulag er nú nefnt Íslenska ættleiðingarmódelið og hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana.

Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur eru meginstoðir í ættleiðingarferlinu og er

sú lágmarkspjónusta tryggð með framlagi ríkisins til þjónustusamningsins.

Þjónustusamningurinn tekur aðeins til þjónustu um milligöngu um ættleiðingu, en ekki þjónustu eftir ættleiðingu. Þjónusta eftir ættleiðingu er enn ófjármögnuð en megináhersla verður lögð á að auka skilning miðstjórnvaldsins á hlutverki sínu í þjónustu eftir ættleiðingu og að fá viðurkenningu á mikilvægi þjónustunnar til heilla ættleiddum börnum og fjölskyldum þeirra.

Á árinu 2019 var þjónustusamningur í gildi við ráðuneytið og rann hann skeið sitt á enda um áramót.

Starfsemi sem varðar ættleiðingu milli landa má ekki verða neinum til óhæfilegs ávinnings, fjárhagslega eða á annan hátt.

Aðeins má krefja um og greiða kostnað og útgjöld, þar með talið sanngjarna sérfræðilega þóknun þeirra sem við ættleiðinguna fást.

Tekjur Íslenskrar ættleiðingar á árinu 2019 voru tæpar 40 milljónir, sem er lækkun um 4,5 milljónir frá 2018, munar þar mestu um fækkun nýrra umsókna og tekna vegna námskeiða.

Félagsgjöld drógust saman um kr. 229.350 frá fyrra ári.

Tap var á rekstri félagsins uppá kr. 6.697.530, en tap jókst um kr. 2.869.825 frá árinu á undan. Vegna lækkunar tekna hefur félagið þurft að ganga á handbært fé.

Handbært fé hefur lækkað um kr. 8.236.605 frá byrjun árs 2019.

Mestu breytingar á milli ára eru eftirfarandi:

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkar frá árinu 2018 um kr. 786.749.

Ferðakostnaður vegna m.a ferða til Kolumbíu, Dóminíska Lýðveldisins og Tógó var kr. 1.633.651, eða aukning um kr. 665.845 frá fyrra ári.

Launin haldast svipuð á milli ára.

Félagið getur ekki haldið áfram að ganga á handbært fé og mun halda áfram að leita leiða til að styrkja og auka það góða starf sem unnið er í félaginu.

Viðurkennd stofnun skal:

a. einungis vinna að ófjárhagslegum markmiðum samkvæmt þeim skilmálum og innan þeirra marka sem kveðið er á um af bærum stjórnvöldum viðurkenningarríkisins;

b. hafa stjórnendur og starfsmenn sem eru hæfir hvað siðferðiskröfur og menntun eða reynslu varðar til starfa á sviði ættleiðingar milli landa; og

c. lúta eftirliti bærra stjórnvalda þess ríkis hvað varðar skipulag, rekstur og fjárhag.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Íslenskrar ættleiðingar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenskrar ættleiðingar fyrir árið 2019.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskri ættleiðingu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Reykjavík, 25. maí 2020

Rýni endurskoðun ehf.



Kristinn Kristjánsson
endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR 2019

	Skýringar	2019	2018
Rekstartekjur			
Tekjur	3	39.968.165	44.518.831
		<u>39.968.165</u>	<u>44.518.831</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	33.814.805	33.854.442
Kostnaður vegna ættleiðinga	9	3.206.102	3.085.797
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	2.041.984	2.828.733
Annar rekstarkostnaður	9	7.330.935	8.320.228
Afskriftir	4	205.869	257.336
		<u>46.599.695</u>	<u>48.346.536</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		(6.631.530)	(3.827.705)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		217.580	251.999
Vaxtagjöld, gengismunur og bankakostnaður		<u>(49.330)</u>	<u>337.811</u>
		168.250	589.810
Hagnaður (tap) ársins		<u>(6.463.280)</u>	<u>(3.237.895)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýringar	2019	2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstarfjármunir:			
Tölvubúnaður, innréttingar og áhöld	4	832.477	1.029.346
		<u>832.477</u>	<u>1.029.346</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	1.063.150	561.604
Handbært fé		<u>8.840.572</u>	<u>17.077.177</u>
		9.903.722	17.638.781
		<u>10.727.199</u>	<u>18.668.127</u>

Sjóðstreymi ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
Rekstarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		(6.463.280)	(3.237.895)
Rekstarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	<u>205.869</u>	<u>257.336</u>
		(6.257.411)	(2.980.559)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(501.546)	170.982
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(1.477.648)</u>	<u>(1.275.657)</u>
		(1.979.194)	(1.104.675)
Handbært fé frá rekstri (til rekstar)		<u>(8.236.605)</u>	<u>(4.085.234)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(8.236.605)	(4.085.234)
Handbært fé í byrjun árs		<u>17.077.177</u>	<u>21.162.411</u>
Handbært fé í lok árs		<u>8.840.572</u>	<u>17.077.177</u>



Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Íslensk ættleiðing annast milligöngu um ættleiðingar erlendis frá. Félagið er sjálfstæður skattaaðili. Íslensk ættleiðing er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur félagsins er að Skipholti 50b, Reykjavík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.2 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2020. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstarreikningi.

2.3 Innlausn tekna

Tekjur í Rekstarreikningi samanstanda af félagsgjöldum, framlagi úr ríkissjóði og öðrum tilfallandi tekjum.

2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstarreikning sem áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

2.5 Varanlegir rekstarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:
Tölvubúnaður, innréttingar og áhöld, 5 ár

2.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

2.7 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum.

2.8 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skýringar

3. Tekjur

	2019	2018
Tekjur ársins sundurliðast þannig:		
Félagsgjöld	1.131.100	1.360.450
Framlag frá þjónustumiðstöð	1.200.000	1.650.000
Ættleiðingargjöld erlendis	2.151.672	3.481.950
Framlög úr ríkissjóði	34.000.000	34.000.000
	<u>38.482.772</u>	<u>40.492.400</u>
Aðrar tekjur:		
Námskeið	765.000	2.303.000
Félagsstarf	237.790	722.300
Styrkir	319.118	712.486
Aðrar tekjur	163.485	288.645
	<u>1.485.393</u>	<u>4.026.431</u>
Tekjur samtals	<u><u>39.968.165</u></u>	<u><u>44.518.831</u></u>

4. Varanlegir rekstarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Árslok 2018:		
Bókfært verð í ársbyrjun	1.286.682	1.327.214
Afskriftir	(257.336)	(257.336)
Bókfært verð í árslok	<u>1.029.346</u>	<u>1.069.346</u>
Bókfært verð í árslok greinist þannig		
Kostnaðarverð	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals	(1.576.673)	(1.576.673)
Bókfært verð í árslok	<u>1.029.346</u>	<u>1.029.346</u>
Árslok 2019:		
Bókfært verð í ársbyrjun	1.029.346	1.029.346
Afskriftir	(205.869)	(205.869)
Bókfært verð í lok tímabilsins	8.23.477	8.23.477
Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig:		
Kostnaðarverð	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals	(1.782.5429)	(1.782.5429)
Bókfært verð í árslok	<u>823.477</u>	<u>823.477</u>

5. Viðskiptakröfur

	2019	2018
Viðskiptakröfur greinast þannig		
Félagsgjöld	1.063.150	867.901
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0	(306.297)
Viðskiptakröfur, nettó	<u>1.063.150</u>	<u>561.604</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Skýringar

6. Eigið fé Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Viðbragðssjóður	Ójafnað tap	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2018:			
Staða í ársbyrjun	1.360.000	8.471.302	9.831.302
Hagnaður ársins	0	(3.237.895)	(3.237.895)
Staða í árslok	1.360.000	5.233.407	6.593.407
Hreyfingar 2019:			
Staða í ársbyrjun	1.360.000	5.233.407	6.593.407
Tap ársins	0	(6.463.280)	(6.463.280)
Staða í árslok	1.360.000	(1.229.873)	130.127

7. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2019	2018
Ógreidd laun og launatengd gjöld	1.229.295	1.233.301
Biðreikningur vegna fyrirhugaðrar stofnunar styrktarsjóðs	6.379.035	6.294.945
Ógreitt framlag til þjónustumiðstöðvar	2.400.000	3.600.000
Aðrar skammtímaskuldir	588.742	946.474
	10.597.072	12.074.720

8. Önnur mál

Skuldbindingar

Á árinu 2011 var ákveðið að setja á stofn styrktarsjóð og safnað var fjármunum að fjárhæð 5,5 m.kr. Fyrirhugað var að klára stofnun hans á árinu 2018. Félagið hugðist leggja sjóðnum til ofangreinda fjárhæð með áföllnum vöxtum. Rekstur félagsins hefur verið í járnnum síðastliðin ár og hefur félagið óskað eftir því við ráðuneytið að þjónustusamningur við félagið verði endurskoðaður. Félagið hefur þurft að ganga á eigið fé til að standa við hlutverk sitt og hefur verið hikandi við að stofna styrktarsjóð við þær aðstæður.

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Reykjavík, 25. maí 2020

Stjórn:

Framkvæmdastjóri

Elisabet Hraun Salvarsdóttir

Jónbjörg Vagueirsdóttir

Sigurður Halldór Jónsson

Þórunn Þorvaldsson

Agaldis

Ari Þór Guðmannsson

Sigrún Eva Grétard.

KEISTINN JONSSON

Regnhlífasamtök



EurAdopt, félag ættleiðingasamtaka í Evrópu, fylgdist grannt með þróun ættleiðingarmála bæði í Evrópu og víðar í heiminum árið 2019. Fækkun ættleiðinga, yfirvofandi breytingar á ættleiðingarmódeli Dana, rannsóknir í málaflöknum og framfylgd Haag-sáttmálans voru meðal málefna sem voru ítarlega rædd á ársfundi EurAdopt sem haldinn var í Vín í Austurríki dagana 2. – 3. apríl 2019. Ingibjörg Valgeirsdóttir var fulltrúi Íslenskrar ættleiðingar á fundinum, en hún er aðalfulltrúi ÍÆ í EurAdopt. Félögin deila vaxandi áhyggjum af fækkun ættleiðinga út frá mannréttindum munaðarlausra barna í heiminum auk þess sem flest ættleiðingarfélög hafa ríkra hagsmuna að gæta þegar kemur að

fjölda ættleiðinga í tengslum við rekstrargrundvöll félaganna. Veruleiki þessara félaga er ólíkur íslenska ættleiðingarmódelinu sem byggir ekki afkomu Íslenskrar ættleiðingar á fjölda ættleiðinga heldur á þjónustusamningi við dómsmálaráðuneytið. Áhugi kom fram á fundinum á íslenska módelinu og óskir um að fleiri lönd tækju Ísland sér til fyrirmyndar í þessum efnum. Aðildarfélög EurAdopt fjölluðu um vaxandi þörf á þjónustu eftir ættleiðingu og þjónustu við uppkomna ættleidda, m.a. í tengslum við upprunaleit. Samtökin samþykktu fyrsta aðildarfélag EurAdopt frá Möltu á fundi samtakanna í Vín sem var fagnaðarefni. Á fundinum fór jafnframt fram áframhaldandi skipulagning á fyrirhuguðum ársfundi EurAdopt sem halda á í Kaupmannahöfn 14. – 15. maí 2020.



Árið 1995 gekk Íslensk ættleiðing í samtök norrænna ættleiðingarfélaga, Nordc Adoption Council (NAC).

Fulltrúar félagsins sitja í stjórn samtakanna og taka þátt í ýmsum verkefnum.

19.-21.september var haldin ættleiðingarráðstefna í Reykjavík á vegum Nordic Adoption Council (NAC).

Samtökin standa fyrir fyrirráðstefnu á tveggja ára fresti og flakkar hún á milli norðurlandanna. Að þessu sinni skipulagði Íslensk ættleiðing ráðstefnuna og var lagt upp með meginþemað **Best Practises in Adoption**, fjallað var um það góða starf sem unnið er í ættleiðingamálaflöknum.

Á ráðstefnuna komu fram erlendir og innlendir fyrirlesarar með sérþekkingu á sviði ættleiðinga og var ráðstefnan opin öllum þeim sem áhuga hafa á þessum

málaflökki. Var góð þátttaka á ráðstefnuna og fær starfsfólk Íslenskrar ættleiðingar þakkir stjórnar fyrir vel unnin störf við skipulagningu hennar. Fyrirkomulag ráðstefnunnar var aðeins með breyttu formi, boðið var upp á vinnustofu með David Brodzinsky degi fyrir ráðstefnuna og sérstök sýning var á finnsku heimildamyndinni Moonchild eftir leikstjórnann Önnu Korhonen. Mikið var lagt upp úr þeim áhrifum sem ráðstefnan hafði á umhverfið og bauðst öllum ráðstefnugestum upp á að kolfnisjafna flugferðir, plastflöskur með vatni voru ekki í boði, nafnspjöld voru gerð úr umhverfisvottuðum pappír og ekki var boðið uppá útprentaða dagskrá heldur sérstaka upplýsingasíðu þar sem hægt var að nálgast dagskrá og allar upplýsingar um ráðstefnuna. Þetta þótti mikið framfaraskref við skipulag ráðstefnunnar og mun vera nýtt frekar á öðrum fundum NAC.

SAMSTARFSLÖND

БЪЛГАРИЯ

Löggilding um milligöngu gildir til 30.04.2021.

Engin umsókn hefur verið send til Búlgaríu frá því að samstarfið hófst.

ČESKÁ REPUBLICA

Félagið fékk fyrst löggildingu til að annast milligöngu um ættleiðingar frá Tékklandi árið 2004 og gildir núverandi löggilding til 19.03.2022.

Alls hafa verið ættleidd 43 börn með milligöngu félagsins frá Tékklandi.

10 umsóknir hafa nú verið samþykktar af UMPOD og bíða afgreiðslu. 1 umsókn er í skoðun og bíður þess að vera samþykkt.

Meðal biðtími eftir pörun við barn frá Tékklandi hefur verið rúm 2 ár þegar litið er í baksýnis-spegilinn en meðal biðtími er nú rúm 2 ár.



Colombia

Löggilding um milligöngu gildir til 19.03.2022.

Alls hafa verið ættleidd 15 börn með milligöngu félagsins frá Kólumbíu.

Engin umsókn er samþykkt á biðlista frá Íslenskri ættleiðingu hjá ICBF, en tvær umsóknir eru í skoðun hjá ICBF.

中國


Löggilding um milligöngu gildir til 19.03.2022.

Alls hafa 183 börn verið ættleitt með milligöngu félagsins frá Kína.

2 umsóknir eru samþykktar af CCCWA og bíða afgreiðslu.

Listi vegna barna með skilgreindar þarfir er að jafnaði vaktaður einu sinni í mánuði af sérfræðingum félagsins en tilkynning um nýjan lista kemur mánaðarlega.

Meðal biðtími eftir pörun við barn á lista barna með skilgreindar þarfir hefur í gegnum tíðina verið mjög stuttur eða rétt undir 6 mánuðum. Biðtími hefur verið að lengjast talsvert og er nú meira en 1 ½ ár.




TOGO

Löggilding um milligöngu gildir til 14.07.2020.

Alls hafa 7 börn verið ættleidd með milligöngu félagsins frá Tógó.

1 umsókn er samþykkt af CNAET og bíður afgreiðslu.

Meðal biðtími eftir pörun er rúm tvö ár.



EITT OG ANNAÐ...



Ættleiðingamálaflokkurinn er mjög spennandi og eru margir sem vilja fræðast um hann. Starfsfólk félagsins hefur verið duglegt að sinna beiðnum um fræðslu fyrir nema jafnt á framhaldsskóla- og háskólastigi sem vilja kynnast starfsemi félagsins. Meistaraniemi við lögfræðiskor Háskóla Íslands leitaði til félagsins vegna lokaverkefnis sem hún vann undir handleiðslu Hrefnu Friðriksdóttur prófessors, en verkefnið fjallaði um skilyrði sem umsækjendur um forsamþykki þurfa að uppfylla, með áherslu á aldur og heilsufar. Í ritgerðinni voru borin saman skilyrði á Íslandi og á Norðurlöndunum.

Nemendur úr FG og ML kynntu sér starf félagsins í tengslum við verkefnavinnu um góðgerðarsamtök.

Félagsráðgjafi félagsins hélt erindi á málþingi Félagsráðgjafafélags Íslands um **félagsráðgjöf í heimi alþjóðlega ættleiðinga** og kenndi félagsráðgjafarnemum við Háskóla Íslands um alþjóðlegar ættleiðingar.

Framkvæmdastjóri félagsins heimsótti lögfræðinema við Háskólann í Reykjavík og gaf þeim innsýn inn í ættleiðingamálaflokkinn og hvernig lög, reglur og alþjóðlegir sáttmálar fléttast inn í raunveruleg ættleiðingarmál.

Félagsmálaráðuneytið og Fjölmenningsarsetur leituðu til félagsins vegna fræðslu og stuðnings við flóttafólk sem

fær hæli á Íslandi. Þegar flóttafólk fær hæli á það rétt á fjölskyldusameiningu, en oft hafa verið lítil samskipti á milli barnanna og þeirra sem eru á flótta. Við þessar aðstæður getur sérfræðipækking félagsins komið sér vel og er fyrirhugað að gera samning við félagið um að veita þá þjónustu til þeirra sem fá hæli.

Félagið vinnur að fjölskyldusameiningum, en við ættleiðingu er verið að sameina fjölskyldu sem hefur ekki líffræðilega tengingu og engin geðtengsl. Við fjölskyldusameiningu hjá flóttafólki er líffræðileg tenging, en oft hafa verið lítil geðtengsl í langan tíma.

Íslensk ættleiðing fær reglulega beiðni um aðstoð vegna upprunaleitar. Á síðasta ári leituðu nokkrir uppkomnir ættleiddir til félagsins með vangaveltur um möguleika sína til að kynnast uppruna sínum betur, sumir að velta fyrir sér heimsókn til upprunalandins en aðrir að velta fyrir sér leit að líffræðilegum foreldrum.

Félagið hefur einnig aðstoðað fjölskyldur sem heimsækja Kína sem upprunaland og var ein fjölskylda sem sótti þá þjónustu til félagsins á árinu.

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir dagskrárgerðarkona hefur unnið vandaða sjónvarpsþætti sem bera heitið **Leitin að upprunanum**. Í ár leitaði Sigrún Ósk til félagsins vegna upprunaleitar skjólstæðinga hennar.

EITT OG ANNAÐ...

Danska miðstjórnvaldið heimsótti dómsmálaráðuneytið til að kynna sér Íslenska ættleiðingarmódelið en það hefur vakið mikla athygli á Norðurlöndunum. Óskað var eftir því að framkvæmdastjóri félagsins útskýrði starf Íslenskrar ættleiðingar og hugmyndafræðina sem liggur á bak við þjónustuna.

Lög og reglugerðir í ættleiðingarmálaflokknum eru nokkuð komin til ára sinna og finnst stjórn og starfsfólki Íslenskrar ættleiðingar mikilvægt að fara í endur-

skoðun á þeim til að koma regluverkinu til nútímans.

Um þessar mundir vinnur félags- og barnamálaráðherra að því með þverfaglegum hópi að samþættingu þjónustu í þágu barna.

Ættleiðingarmálaflokkurinn fellur svo sannarlegu undir þjónustu við börn og sendi félagið því áskorun á félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra um að endurskoðun færi fram hið fyrsta og að gert yrði ráð fyrir þjónustu við ættleidd börn og fjölskyldur þeirra eftir að þau koma til Íslands.

Bær stjórnvöld samningsríkja skulu flýta meðferð ættleiðingarmála.

Málsmeðferðartími sýslumannsembættisins hefur oft og tíðum verið umfjöllunarefni félagsmanna Íslenskrar ættleiðingar og hefur félagið ítrekað vakið athygli á því hversu langan tíma umsókn um forsamþykki getur verið að velkjast um í meðförum sýslumannsembættisins. Félagið óskaði eftir því enn og aftur að málsmeðferðartíminn yrði lagaður, en ekki þó á kostnað vandaðra vinnubragða.

Íslensk ættleiðing var eins og síðustu ár eitt af þeim félögum sem hægt er að heita á í Reykjavíkumaraþoni. Nú söfnuðust 19.118 krónur sem er talsvert lægra en safnaðist árið 2018, en þá söfnuðust rúmar 700.000 krónur, sem runnu í barna- og unglingastarf félagsins. Því miður var því ekki hægt

að bjóða uppá starf fyrir börn og unglinga í ár, en vonandi safnast meira á næsta ári.

Starf skemmtinefndar hefur verið öflugt í gegnum árin og hefur nefndin ávallt verið skipuð sjálfboðaliðum sem hafa skipulagt viðburði fyrir félagsmenn. Síðastliðin ár hefur starfið færst frá sjálfboðaliðum yfir á skrifstofu félagsins. Þetta árið var boðið uppá nokkra viðbuðir s.s. fjölskyldustund í íþróttahúsinu við Lágafellslaug, göngu á Akrafjall, grillveislu í Gufunesi, páskaeggjaleit og jólaball. Þessir viðburðir voru misvel sóttir af félagsmönnum, en það var alltaf jafn gaman að hitta gott fólk og skemmta sér saman.







ÍSLENSK
ÆTTLEIÐING

Aðeins þær stofnanir skulu fá og halda viðurkenningu sem sýna fram á getu sína til að leysa vel af hendi þau verkefni sem þeim kunna að verða falin.

Stjórn

Elísabet Hrund Salvarsdóttir
Stjórnarformaður

Ingibjörg Valgeirsdóttir
Varaformaður

Meðstjórnendur
Ari Þór Guðmannsson
Lísa Björg Lárusdóttir
Magali Mouy
Sigrún Eva Grétarsdóttir
Sigurður Halldór Jesson

Starfsfólk

Kristinn Ingvarsson
Framkvæmdastjóri

Ragnheiður Davíðsdóttir
Verkefnastjóri

Rut Sigurðardóttir
Félagsráðgjafi

Marion Brochet
Verkefnastjóri

Samþykktir félagsins Íslensk ættleiðing

Samþykkt á aðalfundi 9. mars 2017

1. grein

Nafn félagsins

Félagið heitir Íslensk ættleiðing. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Tilgangur félagsins

Tilgangur félagsins er:

að vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrúmi í anda Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamningsins um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna að aðstoða fólk sem vill ættleiða börn erlendis frá að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra að vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna að auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu að stuðla að velferð barna í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

3. grein

Greiðslur

Félagið er ekki rekið í ágóðaskyni og má einungis inna af hendi fjárgreiðslur til mannúðarmála, fyrir utan nauðsynlegar fjárgreiðslur vegna kostnaðar ættleiðinga barna til Íslands.

4. grein

Félagsmenn

Félagsmenn eru einstaklingar sem skrá sig í félagið og greiða félagsgjald. Foreldrar geta skráð börn sín í félagið en fyrir þau er greitt hálf félagsgjald. Stjórn getur ákvarðað að sá er ekki fer að samþykktum félagsins skuli tekinn af félagaskrá.

5. grein

Æðsta stjórn félagsins

Æðsta stjórn félagsins er í höndum lögsmætra félagsfunda.

6. grein

Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum: Formanni, varaformanni og fimm meðstjórnendum. Kosning stjórnarmanna ræðst af atkvæðamagni. Falli atkvæði jafnt við kjör skal endurtaka kosningu milli viðkomandi frambjóðenda og falli atkvæði enn jafnt ræður hlutkesti. Sé aðeins einn frambjóðandi í kjöri skoðast hann sem sjálfkjörinn án leynilegrar kosningar. Kosning stjórnar fer fram á aðalfundi ár hvert eða aukaaðalfundi. Hluta stjórnarmanna skal kjósa árlega til tveggja ára í senn, þrjá annað árið og fjóra á því næsta. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Í stjórninni skulu eiga sæti lækni og lögfræðingur, en verði því ekki við komið skal stjórn félagsins, í samráði við innanríkisráðuneytið, ráða trúnaðarlækni og/eða lögfræðing til ráðgjafar. Stjórnarmenn skulu hafa þekkingu á þeim málum er varða ættleiðingar á erlendum börnum. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag.

Formaður boðar og stýrir stjórnarfundi.

Stjórnarfundur telst lögmeður ef hann sækir meirihluti stjórnar.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli félagsfunda.

Stjórnarmenn félagsins, starfsmenn og aðrir sem kunna að vinna í þágu félagsins, eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina er þeir fá vitneskju um varðandi einkahagi manna við störf sín fyrir félagið. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Stjórnarmeðlimir, starfsmenn og aðrir sem kunna að vinna í þágu félagsins mega ekki taka þátt í afgreiðslu ættleiðingarmáls ef þeir eða menn þeim nákomnir eru aðilar málsins.

7. grein

Aðalfundur

Aðalfundur skal haldinn fyrir marslok ár hvert. Skal hann boðaður bréflega eða með öðrum sannanlegum hætti með minnst þriggja vikna fyrirvara. Til aukaaðalfundar skal boða með sama fyrirkomulagi og til aðalfundar samkvæmt 7. mgr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári.

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins skal lagður fram til samþykktar.

Kjör stjórnar.

Ákvörðun árgjalds.

Breytingar á samþykktum félagsins.

Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Breytingar á stjórn félagsins skal tilkynna

dómsmálaráðuneytinu áður en 14 dagar eru liðnir.

Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins skulu berast stjórn félagsins skriflega í síðasta lagi 31. janúar ár hvert og skulu þær tilgreindar í fundarboði.

Framboð til stjórnarkjörs skulu berast skriflega til skrifstofu félagsins í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu endurskoðenda eða 2/3 félagsmanna. Skulu þeir boðaðir bréflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram tilefni fundarins.

8. grein

Framkvæmdastjóri

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórnin veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

9. grein

Þjónusta

Félagsmenn njóta forgangs að þjónustu félagsins.

Umsækjendur skuldbinda sig til að hlýta reglum félagsins varðandi meðferð ættleiðingarumsókna.

10. grein

Kosningaréttur og kjörgengi - félagaskrá

Skuldlausir félagsmenn einir hafa atkvæðisrétt á fundum félagsins og eru kjörgengir til embætta á þess vegum. Börn sem eru á félagaskrá að beiðni foreldra og greiða hálf félagsgjald eru ekki kjörgeng og hafa ekki atkvæðarétt á félagsfundum.

11. grein

Reikningar

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Gera skal ársreikning um starfsemi félagsins að ættleiðingarmálum og um aðra starfsemi er fram fer á vegum félagsins. Ársreikningur skal skoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda og skal senda eintak hans til innanríkisráðuneytisins samkvæmt reglugerð um ættleiðingarfélög.

12. grein

Breytingar

Samþykktum þessum má einungis breyta á aðalfundi sem og aukaaðalfundi samkvæmt 2. mgr. 7. gr. og þarf til þess samþykki 2/3 hluta fundarmanna eða aukinn meirihluta félagsmanna. Allar lagabreytingar skal bera undir dómsmálaráðuneytið áður en þær teljast endanlega samþykktar.

13. grein

Slit félagsins

Félagsfundur einn getur tekið ákvörðun um slit félagsins og þarf til þess samþykki 2/3 hluta fundarmanna eða aukinn meirihluta félagsmanna. Félagsfundur sem ákvörðun tekur um slit félagsins skal taka ákvörðun um ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Eignum félagsins má einungis ráðstafa til góðgerðarmála.

Adoption is not a single event, but a life-long process



Skipholt 50b
105 Reykjavík
Sími 588 1480
isadopt@isadopt.is

www.isadopt.is